

Farice ehf.
Ársreikningur 2021

Farice ehf.
Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík

kt. 511203-2950

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun ríkisendurskoðanda	5
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
 Viðauki:	
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	16

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur tvo sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1 og DANICE, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflutningskerfi t.a.m í London, Amsterdam og Kaupmannahöfn. Félagið vinnur nú að lagningu þriðja sæstrengsins til þess að auka fjarskiptaöryggi Íslands, í samræmi við þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033. Áætlað er að strengurinn sem heitir ÍRIS verði tekinn í notkun í upphafi árs 2023. Samningar félagsins við stærstu viðskiptavinum þess eru endurnýjaðir með reglubundnum hætti í samræmi við þarfir viðskiptavina. Helsta áhættan í rekstri félagsins snýr að endingartíma sæstrengja þess, en félagið þarf að gera ráð fyrir endurnýjun á þeim með reglubundnum hætti. Einnig getur óvænt bilun haft mikil áhrif á rekstur félagsins ef slík bilun er ekki skammvinn. Félagið er með samning við viðgerðaskip sem tryggir félaginu aðgang að slíkum skipum ef til bilunar kemur. Reynsla Farice af rekstri sæstrengja er hins vegar góð og hefur félagið enn ekki orðið fyrir bilun í sjó. Bilanir í landkerfum eru hins vegar nokkrar á hverju ári og því félaginu mikilvægt að hafa virkar varaleiðir á landi. Félagið varð fyrir tveimur alvarlegum bilunum á árinu en hefur gripið til aðgerða til þess að minnka líkur á sambærilegum bilunum í framtíðinni.

Rekstur ársins 2021

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur um 13,3 milljónir EUR og er EBITDA 6,9 milljónir EUR. Tekjur af sölu á bandvídd hækkuðu um 0,8 milljónir EUR milli ára. Óreglulegar tekjur lækka samanborið við fyrra ár vegna loka á þjónustusamningi við ríkið sem nánar er greint frá í skýringu 4. EBITDA hækkar um 0,8 milljónir EUR milli ára. Félagið breytti um reikningsskilaaðferðir á árinu og er ársreikningur gerður samkvæmt lögum um ársreikninga í stað alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS). Samanburðartölur fyrir árið 2020 eru settar fram í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 92,5 milljón EUR og eigið fé félagsins um 57,6 milljónir EUR, með 62% eiginfjárlutfall. Tap af rekstri félagsins var 0,5 milljónir EUR sem skýrist einkum af 6,2 milljónum EUR afskriftum af fastafjármunum. Félagið greiddi niður skuldir um 5,9 milljónir EUR og átti 13,8 milljónir EUR af handbæru fé í árslok 2021, þar af eru 11,5 milljónir EUR af handbæru fé sérgreint vegna ÍRIS verkefnisins. Lögum samkvæmt eru arðgreiðslur óheimilar vegna ójafnaðs taps og er tap ársins að fjárhæð 0,5 milljónir EUR fært til hækkunar á ójöfnuði tapi fyrir ári.

Fjármögnun á nýjum sæstreng sem ber heitið ÍRIS lauk í mars 2021. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 50 milljónir EUR og er fjármagnaður með hlutfjárhækkun frá eiganda félagsins. Hlutféð er greitt inn í félagið eftir framþróun verkefnisins og var hlutféð aukið þrisvar á árinu vegna verkefnisins, alls um 39,5 milljónir EUR sjá nánar skýringar nr. 11 og nr. 21. Framvinda verkefnisins er í samræmi við áætlun en vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga var lendingastaður strengsins færður frá Hraunsvík við Grindavík til Þorlákshafnar sumarið 2021. Gert er ráð fyrir að lagning strengsins hefjist á Íslandi í byrjun maí 2022 og ljúki í Galway á Írlandi fyrir sumarlok. Prófanir og uppsetning á búnaði fara fram haustið 2022 og mun strengurinn verða tilbúinn til notkunar fyrir viðskiptavinum Farice í upphafi árs 2023.

Á árinu fór fram útboð á landleiðum á Íslandi en samningur félagsins við Mílu um landtengingar á Íslandi rann út í nóvember 2021. Niðurstaða útboðsins var að leigja ljósleiðara af Ljósleiðaranum á suðurvestur hluta landsins en kaupa áfram sambönd frá Mílu fyrir tengingar félagsins frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Félagið mun á árinu 2022 virkja nýtt kerfi landtenginga á Íslandi byggða á niðurstöðum fyrrgreindra útboða. Nýtt kerfi landtenginga á Íslandi mun auka öryggi og hagkvæmni í þjónustu Farice.

Félagið rekur tæknibúnað í nokkrum löndum og krefst sá búnaður reglulegs viðhalds og uppsetningar. Félagið þarf þannig að sinna viðhaldi og eftirliti með reglulegum hætti erlendis. En vegna COVID voru takmarkanir á ferðalögum starfsmanna sem ollu töfum á viðhaldsverkefnum þess erlendis. Félagið nýtir sér erlenda þjónustuaðila eins og kostur er til þess að lágmarka áhrif af COVID.

Hjá félaginu störfuðu 7 starfsmenn í fullu starfi á árinu.

Hlutfé

Á árinu var hlutfé í félaginu aukið um 39,5 milljónir EUR vegna kostnaðar við lagningu á nýjum sæstreng. Í árslok og ársbyrjun átti Ríkissjóður Íslands allt hlutfé félagsins. Félagið á enga eigin hluti.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald ríkisins í Farice ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktum og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum og einum varamanni. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Takmarkanir eru á innra eftirliti vegna þess hve fá stöðugildi eru hjá félaginu en félagið hefur farið aðgerðir til þess að bregðst við þeirri áhættu. Aðaláhersla við áhættumat félagsins tengist aðgerðaráætlunum til að bregðst við mögulega truflun á fjarskiptasambandi vegna sæstrengja auk varna við netárásam.

Stjórnin vísar til viðauka við ársreikning þennan varðandi aðra ófjárhagslega upplýsingagjöf um samfélagsleg mál, umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindamál og svo spillingar- og mútumál.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og gefur glögga mynd af eignum og skuldum félagsins og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2021, rekstrarafkomu og sjóðstreymi fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2021 auk þess að lýsa áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Skýrsla stjórnar veitir yfirsýn yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með ársreikning Farice ehf. 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2022

Stjórn Farice ehf.

Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður

Jón Gunnar Vilhelmsson

Kristín Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri

Þorvarður Sveinsson

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.


Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2022



Guðmundur Björgvin Helgason
Starfandi ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Farice ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Farice ehf. 31. desember 2021, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2021 í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Farice ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegrri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá


Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2022



Þingir Finnbogason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Sala á bandvídd	3	12.689.051	11.897.719
Aðrar tekjur	3	353.284	0
Tekjur af opinberum þjónustusamningi	4	220.025	1.598.732
		<u>13.262.360</u>	<u>13.496.451</u>
Rekstur fjarskiptakerfa	12	5.059.084	4.998.534
Annar kostnaður	13	302.507	0
Annar rekstrarkostnaður	14	772.261	755.777
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	13	220.000	1.595.055
		<u>6.353.852</u>	<u>7.349.365</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		6.908.508	6.147.085
Afskriftir	18	(6.231.324)	(6.232.624)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		677.184	(85.539)
Vaxtatekjur		5.391	8.652
Vextir og verðbætur	23	(1.143.344)	(1.238.544)
Gengismunur		(45.801)	(98.415)
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(1.183.753)</u>	<u>(1.328.307)</u>
Tap ársins	22	<u>(506.569)</u>	<u>(1.413.846)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Rekstrarfjármunir	18	48.558.113	53.949.043
Framkvæmdakostnaður vegna Íris sæstrengsins	18	28.241.426	
Fyrirframgreiddur kostnaður	19	1.191.564	1.385.890
Fastafjármunir		<u>77.991.102</u>	<u>55.334.933</u>
Viðskiptakröfur		296.848	662.053
Aðrar kröfur		475.582	364.824
Handbært fé		13.750.683	3.185.728
Veltufjármunir		<u>14.523.113</u>	<u>4.212.605</u>
Eignir samtals		<u><u>92.514.215</u></u>	<u><u>59.547.538</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé	21	67.375.905	27.875.905
Áhrif vegna breytinga á reikningsskilaaðferð			43.379
Ójafnað tap		(9.729.858)	(9.223.289)
Eigið fé samtals		<u>57.646.047</u>	<u>18.695.995</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	23	31.044.102	36.666.667
		<u>31.044.102</u>	<u>36.666.667</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	23	2.699.487	2.933.333
Viðskiptaskuldir		528.967	493.734
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur		595.612	757.809
Skammtímaskuldir		<u>3.824.066</u>	<u>4.184.876</u>
Skuldir samtals		<u>34.868.169</u>	<u>40.851.543</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>92.514.215</u></u>	<u><u>59.547.538</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins		(506.569)	(1.457.225)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	18	6.231.324	6.518.811
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð		(43.379)	0
Hreinn fjármagnskostnaður		1.183.753	1.365.922
		<u>6.865.129</u>	<u>6.427.508</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		338.324	(229.307)
Sjóðstreymi frá rekstri fyrir fjármagnsliði		<u>7.203.453</u>	<u>6.198.201</u>
Innheimtar vaxtatekjur		5.392	8.653
Greidd vaxtagjöld		(1.174.230)	(1.254.001)
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>6.034.615</u>	<u>4.952.853</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(29.081.820)	(275.723)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(29.081.820)</u>	<u>(275.723)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýtt hlutafé	22	39.500.000	0
Afborganir langtímalána		(5.856.411)	(3.213.756)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>33.643.589</u>	<u>(3.213.756)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		10.596.384	1.463.374
Handbært fé 1. janúar		3.185.728	1.729.482
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(31.429)	(7.128)
Handbært fé 31. desember		<u>13.750.683</u>	<u>3.185.728</u>

Ársuppgjörstölur frá 2020 voru ekki aðlagðar að Ársreikningalögum í sjóðstreymisýfirliti.

Skýringar

1. Félagið

Farice ehf. er íslenskt einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með starfsstöð að Guðríðarstíg 2-4, Reykjavík. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa í gegnum sæstreng. Félagið er með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Danmörku og Bretlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

A. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er settur fram í EUR sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

B. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafi áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

C. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í i öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en EUR eru umreiknaðar í EUR á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Innlaun tekna

Tekjur félagsins samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstrengi. Samningar við viðskiptavinum eru venjulega gerðir að lágmarki til tveggja ára í senn. Einnig hefur félagið tekið að sér ráðgjafa- og rannsóknavinnu tengdar kjarnastarfsemi félagsins.

Um 65% af tekjum félagsins vegna sölu á bandvídd koma frá fjórum viðskiptavinum (2020: 66%). Um 55% af tekjum félagsins eru vegna viðskipta innanlands (2020: 57%).

4. Opinber þjónustusamningur

Farice og Fjarskiptasjóður gerðu í árslok 2018 samning um framkvæmd botnrannsóknna með það fyrir augum að hefja undirbúning að nýjum sæstreng milli Íslands og Evrópu. Heildarkostnaður við rannsóknina var 1,9 milljónir EUR. Verkið hófst á árinu 2019 og lauk á árinu 2021.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrymun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti frá þeim tíma sem eignir eru teknar í notkun, miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengibúnaður.....	10 ár
Tengistöðvar.....	20 ár
Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli.....	20 ár
Aðrar eignir.....	5 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

9. Tekjuskattskuldbinding

Útreikningur tekjuskattskuldbindingar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar frh.:

10. Breyttar reikningsskilaaðferðir

Á árinu 2021 breytti félagið um reikningsskilaaðferðir og hætti að færa upp leigueignir og leiguskuldbindingar í samræmi við ákvæði IFRS 16. Leigueignir eru því ekki lengur eignfærðar og afskrifaðar og leigugreiðslur eru nú gjaldfærðar í rekstrarreikningi en voru áður færðar sem afborgun á leiguskuldbindingum og meðal vaxtagjalda. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis en eignir í endurgerðum efnahagsreikningi eru um 900 þús. EUR lægri eftir breytingar á reikningsskilaaðferðum en áhrif á rekstrarafkomu ársins eru óveruleg.

11. Iris sæstrengur

Vinna er nú í gangi við lagningu á nýjum sæstreng milli Íslands og Írlands. Áætlað er að hann verði tekinn í notkun í byrjun árs 2023. Hlutfjárloforð frá hluthafa félagsins hefur fengist fyrir kostnaði við verkefnið sem áætlaður er 50 milljónir EUR. Nú þegar er búið að auka hlutfé félagsins um 39,5 milljónir EUR og þar af búið að fjárfesta fyrir 28,2 milljónir EUR. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að hlutfé félagsins verði aukið um 10,5 milljónir EUR á árinu 2022 til þess að ljúka við fjármögnun verkefnisins.

12. Rekstur fjarskiptakerfa

	2021	2020
Framhaldstengingar (backhaul)	1.798.440	1.918.853
Gjaldfærður viðhaldskostnaður	1.709.439	1.531.720
Annar rekstrarkostnaður	1.551.206	1.547.960
Rekstrarkostnaður samtals	5.059.084	4.998.533

13. Annar kostnaður

Rannsóknar- og þróunarkostnaður vegna IRIS	220.000	1.595.055
Kostnaður vegna samnings við ráðgjöf	302.507	0
Annar kostnaður samtals	522.507	1.595.055

14. Stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	617.442	542.032
Leiga skrifstofu	76.909	80.535
Endurskoðun og reikningsskil	38.338	36.602
Annar stjórnunarkostnaður	138.090	96.608
Eignfærður launakostnaður	(98.518)	0
Stjórnunarkostnaður samtals	772.261	755.777

15. Þóknun endurskoðanda

Endurskoðun ársreiknings	32.078	34.542
Önnur þjónusta	8.690	2.060
Þóknun endurskoðanda samtals	40.768	36.602

16. Laun og launatengd gjöld:

Laun	734.875	662.820
Lífeyrissjóðisgjöld	97.324	89.558
Önnur launatengd gjöld	118.705	101.070
Laun og launatengd gjöld samtals	950.905	853.447

Stjórnunarkostnaður	518.924	542.032
Rekstur fjarskiptakerfa	332.829	311.416
Laun og launatengd gjöld samtals	851.753	853.447

Ársverk	7	7
---------------	---	---

Laun og launatengd gjöld stjórnarmanna	60.360	55.715
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra	169.049	145.926

17. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2021	2020
Vaxtagjöld	1.143.344	1.276.159
Fjármagnsgjöld samtals	1.143.344	4.836.007

Skýringar frh.:

18. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarsk.tæki og - búnaður	Farice	Danice	Leigueignir	Samtals
Heildarverð					
Heildarverð 1.1.2020	22.878.542	46.950.412	83.455.782	1.413.379	154.698.115
Viðbót á árinu	16.510	0	259.213	0	275.723
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðf.				(1.413.379)	(1.413.379)
Heildarverð 31.12.2020	22.895.052	46.950.412	83.714.995	0	153.560.459
Viðbót á árinu	797.222	0	43.172	0	840.394
Heildarverð 31.12.2021	23.692.274	46.950.412	83.758.167	0	154.400.853
Afskriftir og virðisrýrnun					
Afskrifað 1.1.2020	17.658.281	37.392.477	38.328.035	226.743	93.605.536
Afskriftir ársins	395.610	1.865.084	3.971.930	286.187	6.518.811
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðf.				(512.930)	(512.930)
Afskrifað 31.12.2020	18.053.891	39.257.561	42.299.965		99.611.417
Afskriftir ársins	397.244	1.865.084	3.968.996	0	6.231.324
Afskrifað 31.12.2021	18.451.135	41.122.645	46.268.961	0	105.842.741
Bókfært verð					
Bókfært verð 31.12.2020	4.841.161	7.692.851	41.415.030	0	53.949.042
Bókfært verð 31.12.2021	5.241.139	5.827.767	37.489.206	0	48.558.112

Vátryggingarverð eigna nam 17,6 milljónum EUR.

Frankvæmdakostnaður vegna lagningar Íris sæstrengsins er 28,2 milljónir EUR í árslok 2021 og gert er ráð fyrir að strengurinn verði tekinn í notkun í upphafi árs 2023.

Ekki var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á rekstrarfjármunum félagsins í árslok 2021 enda hafa ekki orðið verulegar breytingar á forsendum frá virðisrýrnunarprófinu sem framkvæmt var í árslok 2020 en niðurstöður þess prófs gáfu ekki tilefni til virðisrýrnunar.

19. Yfirframgreiddur kostnaður

Yfirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var 2019.

20. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign er ekki færð í efnahagsreikning vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi. Yfirfæranlegt tap má nýta í tíu ár frá myndun þess.

Tekjuskattseign greinist þannig:	31.12.21	31.12.20
Rekstrarfjármunir	1.913.754	1.145.167
Leigueignir	0	188.766
Frestaður gengismunur	12.540	18.887
Yfirfæranlegt skattalegt tap	6.065.314	12.103.497
Virðisrýrnun tekjuskattseigna	(7.991.608)	(13.456.317)

Í árslok 2021 var yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára sem hér segir:

Nýtanlegt til 2022	11.628.671
Nýtanlegt til 2023	5.624.232
Nýtanlegt til 2024	769.922
Nýtanlegt til 2025	1.912.991
Nýtanlegt til 2026	4.371.833
Nýtanlegt til 2027	2.317.721
Nýtanlegt til 2028	788.345
Nýtanlegt til 2029	2.912.855
Yfirfæranlegt skattalegt tap alls	30.326.570

21. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins er 67,4 milljónir EUR að nafnverði. Hækkun frá 2020 er því 39,5 milljónir EUR.

22. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021	27.875.905	(9.223.289)	18.652.616
Hækkun hlutafjár	39.500.000		39.500.000
Tap ársins		(506.569)	(506.569)
Eigið fé 31.12.2021	67.375.905	(9.729.858)	57.646.047

Skýringar frh.:

23. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	Gjaldmiðill	Loka-gjaldddagi	2021		2020	
			Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Veðlán frá ER.....	EUR	2034	Fastir 2,5%	33.743.589	Fastir 2,5%	39.600.000
				33.743.589		39.600.000
Næsta árs afborganir.....				(2.699.487)		(2.933.333)
Vaxtaberandi langtímaskuldir alls.....				31.044.102		36.666.667
Afborganir af langtímalánum greinast þannig næstu ár:				31.12.21		31.12.20
Ár 2022/2021.....				2.699.487		2.933.333
Ár 2023/2022.....				2.699.487		2.933.333
Ár 2024/2023.....				2.699.487		2.933.333
Ár 2025/2024.....				2.699.487		2.933.333
Ár 2026/2025.....				2.699.487		2.933.333
Ár 2027/2026.....				2.699.487		2.933.333
Síðar.....				17.546.667		22.000.002
				33.743.589		39.600.000

DANICE sæstrengur félagsins, lendingarstöð DANICE á Landeyjasandi ásamt öllum tengdum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við Endurlánum ríkissjóðs (ER).

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2021	2020
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar	39.600.000	42.533.333
Afborganir langtímaskulda.....	(5.856.411)	(2.933.333)
Vaxtaberandi skuldir 31. desember	33.743.589	39.600.000

24. Leigusamningar

Félagið leigir landtökustöðvar í Færeyjum, Danmörku og Bretlandi. Þessir leigusamningar eru að jafnaði til 20-25 ára með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans.

Afborganir 2022	285.040
Afborganir 2023	293.591
Afborganir 2024	302.398
Afborganir 2025	311.470
Afborganir 2026	320.815
	1.513.314

25. Skuldbindandi rekstar- og fjárfestingasamningar

	2022
Leigusamningar	354.640
Aðrir rekstrarsamningar	2.036.868
Fjárfesting í fjarskiptabúnaði	23.100.000
	25.491.508

26. Tengdir aðilar

Hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir teljast til tengdra aðila. Engir tengdir aðilar keyptu þjónustu af félaginu árið 2021 og félagið greiddi ekki fyrir vörur eða þjónustu frá tengdum aðilum á árinu.

Félagið gerði opinberan þjónustusamning við Fjarskiptasjóð, sem tilheyrir eina hluthafa félagsins. Frekari upplýsingar um hinn opinbera þjónustusamning er að finna í skýringu nr. 4.

Félagið er að leggja nýjan sæstreng sem er fjármagnaður með hækkun hlutfjár félagsins í samræmi við hlutfjárloforð frá eiganda. Frekari upplýsingar er að finna í skýringum nr. 11,18 og 21.

Skýringar frh.:

27. Rekstrarhæfi

Á undanförunum árum hefur félagið verið rekið með umtalsverðu tapi en á sama tíma hefur EBITDA og fjárstreymi frá rekstri verið jákvætt. Árið 2019 greiddi félagið upp óhagstæð lán, tók ný á hagkvæmari kjörum og uppsafnað tap í ársbyrjun 2019 var jafnað með lækku á hlutafé.

Sæstrengirnir FARICE-1 og DANICE, sem eru grunnur að tekjuöflun félagsins, eru afskrifaðir miðað við 20 ára líftíma, en gert er ráð fyrir því að þeir muni geta nýst áfram til öflunar tekna fyrir félagið og/eða í því skyni að tryggja öryggi gagnaflutninga á milli Íslands og umheimsins. Miðað við óbreyttar reikningshalds forsendur um líftíma FARICE-1 strengsins verður hann að fullu afskrifaður að hrakvirði í lok árs 2024 og DANICE í lok árs 2028. Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi munu því lækka umtalsvert á næstu árum.

Starfsemi Farice ehf. er tvíþætt, annars vegar að veita fjarskiptasamband á milli Íslands og umheimsins í viðskiptalegum tilgangi og hins vegar að tryggja fjarskiptaöryggi Íslands. Í samræmi við fjarskiptaöryggisstefnu Íslands hefur Farice ehf. lagt í fjárfestingar vegna lagningar nýs sæstrengs á milli Íslands og Írlands. Fjármögnun strengsins er tryggð með hlutafjárframlagi frá Ríkissjóði Íslands og er fjármögnun og fjárfestingu í nýja strengnum haldið reikningslega aðgreindu frá hinum viðskiptalega tilgangi félagsins.

Á grundvelli framangreindra forsendna er að mati stjórnar félagsins ekki ástæða til að efast um rekstrarhæfi Farice ehf. í árslok 2021.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samfélagið

Farice gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi sem eina íslenska fyrirtækið sem á fjarskiptasæstrengi sem tengja Ísland og Evrópu. Metnaður okkar liggur í því að halda áfram að veita framúrskarandi þjónustu í þágu almennings og íslensks efnahagslífs. Við höfum veitt 100% uppitíma á vörðum gagna- og fjarskiptaleiðum á árinu 2021 eins og undanfarin ár. Uppitímar á einstökum og óvörðum gagnaleiðum, að teknu tilliti til bilana og viðhalds, var 93,0% til 99,8%. Ein helsta áhættan tengd gagnatengingum eru skemmdir á sæstrengjum og því hefur verið samið við viðgerðarskip um að vera til taks ef á þarf að halda.

Umhverfismál

Farice hefur sett sér umhverfisstefnu og með starfsemi sinni auðveldar Farice samfélögum að minnka kolefnisfótspor sitt með umhverfisvænum stafrænum samskiptaleiðum. Farice styður umhverfisvernd og aðgerðir sem stuðla að umhverfisábyrgð. Við erum staðráðin í að halda kolefnisfótspori okkar í lágmarki með því að nota endurnýjanlega orku og aðra möguleika sem völ er á. Sem dæmi má nefna að við lagningu sæstrengjanna FARICE-1 og DANICE voru framkvæmdar umfangsmiklar botnrannsóknir með það að markmiði að lágmarka möguleg áhrif á umhverfið og fiskimið. Það hefur sýnt sig í seinni tíð að mjög faglega var að verki staðið við framkvæmdina. Við lagningu á ÍRIS sæstrengnum er á sama hátt gætt að umhverfisverndarsjónarmiðum við lagningu hans.

Mannauður

Starfsmenn Farice eru fáir og að teknu tilliti til mikilvægi félagsins í íslensku samfélagi er mjög mikilvægt að hafa á að skipa hæfum starfsmönnum. Þess vegna bjóðum við öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og hvetjum starfsmenn til framþróunar í starfi með teymisvinnu og námskeiðum. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og jafnréttismál. Félagið stuðlar að opnum samskiptum og leggur áherslu á jafnvægi starfs og fjölskyldulífs. Við leitumst við að bæta kynjahlutfall vinnustaðarins og annað sem líklegt er talið að laði hæft starfsfólk að fyrirtækinu.

Mannréttindi, spilling og mútur

Eins og áður kom fram eru starfsmenn Farice fáir. Félagið hefur sett starfsmönnum formlegar siðareglur varðandi mannréttindi, spillingu, samfélagslegrar ábyrgðar, reglufylgni og hagsmunaaárekstra. Brot á mannréttindum og áreiti er ekki liðið. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og bann við mismunun og höfum haft það að leiðarljósi frá upphafi. Stefna Farice er að eiga í viðskiptum með heiðarleika og gott siðferði að leiðarljósi. Við skuldbindum okkur til að hlíta reglum um spillinga- og mútumál og förum jafnframt eftir alþjóðlegum viðmiðum í þeim efnum.

Undirritunarsíða

Ríkarður Sigfús Ríkarðsson

Jón Gunnar Vilhelmsson

Marta Eiríksdóttir

Kristín Guðmundsdóttir

Þorvarður Sveinsson